Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2203
komudagur 8.5.2012

# Athugasemd um Reykjanesfólkvang

Agusta Flosadottir [agustahf@yahoo.com]

**Sent:** 8. maí 2012 17:01

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

**Afrit:** Agusta Lyons Flosadottir [agustahf@yahoo.com]

Kapp án forsjár?

Ég geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið á Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk. Borgar sig að tæma auðlindina á Reykjanesi á 30 árum? Mun börn okkar og barnabörn skorta hana seinna meir? Jafnvel okkur sjálf sem nú tökum ákvarðanirnar? Verður talið þess virði að hafa fórnað fagurri og ósnortinni náttúru í nánd við höfuðborgarsvæðið og alþjóðaflugvöllinn?

Og hvað með orkuna sem fer til spillis með núverandi aðferðum, brennisteinsmengunina, affallsvatnið og manngerðu jarðskjálftana? Síðar meir geta komið til betri aðferðir og aðrar aðstæður á mörkuðum og í heiminum. Gæti þá verið gott að eiga eftir jarðvarma?

Virðingarfylist,
Ágústa H. Lyons Flosadóttir, kt. 130758-6069